

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, þriðjudaginn 14. mars kl. 12:00 var haldinn 332. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson og Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku Bjarni Bjarnason, forstjóri, Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi Grant Thornton þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslu, dags. 14.03.2023. Tillögunni fylgir greinargerð. Tillagan var kynnt á fundum stjórnar 27. febrúar og 9. mars 2023.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 5.500 milljónir króna eða tæplega 2,0% af eigin fé í árslok 2022 og 70% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2027.

Tillaga stjórnar til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 5,5 ma.kr. felur í sér:

1. *að markmið arðgreiðslustefnu um viðvarandi og stöðugar arðgreiðslur eru uppfyllt, að því marki að þær ógni ekki framtíðar fjárhagsstöðu samstæðunnar.*
2. *að fjárhagslegir mælikvarðar standast arðgreiðsluskilyrði undir álagsprófi til lengri tíma litið og fyrirséð, að öðru óbreyttu, að félagið verði áfram í stakk búið til að greiða eigendum sínum arðgreiðslu að sömu fjárhæð til framtíðar.*
3. *að arðgreiðsla er hófleg sé horft til hagnaðar móðurfélags (70,1%) eða óráðstafaðs eiginfjár móðurfélags (16,7%).*

Tillagan samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur og Skúla Helgasonar. Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir og Þórður Gunnarsson greiddu atkvæði gegn tillögunni.

2. Ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur móðurfélags og Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu fyrir árið 2022. Reikningarnir voru kynntir á stjórnarfundunum 27. febrúar sl. og 9. mars sl.

Á stjórnarfundunum 27. febrúar sl. og 9. mars sl. gerði Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton grein fyrir vinnu við endurskoðun reikninganna. Jafnframt kynntu Sunna Jóhannsdóttir og Lárus Finnbogason fulltrúar í endurskoðunarnefnd umsögn endurskoðunarnefndar.

Reikningarnir bornir upp saman og samþykktir samhljóða. Reikningarnir verða staðfestir með rafrænni undirritun stjórnarfólks.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:15.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. mars 2023.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir.

Undirritunarsíða

Gylfi Magnússon

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Ragnildur Alda Vilhjálmstöttir

Skúli Þór Helgason

Þórður Ísberg Gunnarsson

Guðveig Lind Eyglóardóttir